

Ed.

333. Lög

um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst).

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk þessu þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.